



Ársskýrsla

Fjölskyldu- og barnamálasviðs 2021

Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar 2022
hafnarfjordur.is



Hafnarfjörður

Ávarp sviðsstjóra

Þrátt fyrir að árið 2021 einkenndist af áskorunum vegna heimsfaraldursins Covid-19, annað árið í röð, þá tókst starfsfólki að halda uppi órofinni, faglegri velferðarþjónustu í sveitarfélaginu. Ríkisvaldið hélt áfram sínum stuðningi til að koma til móts við fólk í viðkvæmri stöðu og má þar nefna t.d. sérstaka íþrótta- og tómstundastyrki, styrki vegna félagsstarfs eldri borgara o.fl. Það ber að þakka og hefur þessi stuðningur verið mikilvægur á viðkvæmum tímum.

Starfið á fjölskyldu- og barnamálasviði hefur einkennt að framþróun og má nefna undirbúning vegna stafrænnar afgeiðslu fjárhagsaðstoðar og ýmsar stafrænar lausnir á starfsstöðvum fatlaðs fólks. Auk þess hafa ferlar verið kortlagðir í samvinnu við þjónustu- og þróunarsvið.

Stytting vinnuvikunnar tók gildi á skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs í byrjun árs og betri vinnutími á starfsstöðvum fatlaðs fólks um mitt árið. Styttingin hefur tekist vel.

Málefni flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd hafa verið áberandi á árinu og fjölgaði starfsfólki í stöðdeild sem sinnir málaflöknum þegar gengið var til samninga um samræmda móttöku flóttafólks á árinu.

Brúin, snemmtækur stuðningur við börn og fjölskyldur og samþætting þjónustu er verkefni sem lögð hefur verið mikil áhersla á síðustu árin. Frumvarp um farsæld barna varð að lögum um áramótin og hefur Hafnarfjörður verið leiðandi í því verklagi og löggin eru byggð að hluta til á Brúnni. Þjónustan er stigskipt og fyrr tekið á málum. Á árinu 2021 má sjá árangur þeirra stefnubreytingar sem hefur átt sér stað síðustu árin. Fjöldi nýrra mála sem fóru í vinnslu hjá barnavernd fækkaði milli árána 2020 og 2021. Fjöldi barnaverndarmála í vinnslu fækkaði einnig milli árána. Að sama skapi fjölgaði málum sem fóru til vinnslu á öðru stigi, í ráðgjafarteymi og fjölskyldu- og skólaþjónustu.

Á árinu var gerð úttekt á barnaverndarstarfi sveitarfélagsins og var niðurstaða þeirrar úttektar fyrst og fremst að innleiða þarf nýtt málavinnsluferfi sem hentar velferðarþjónustu sveitarfélagsins.

Fjöldi einstaklinga sem þáðu fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins fjölgaði óverulega á milli ára. Þakka má virkniáherslum sviðsins að ekki varð meiri aukning. Verulega dró úr atvinnuleysi um mitt ár 2021.



Þjónusta við eldri borgara er sniðin að þörfum hvers og eins með sjálfstæði einstaklinganna að leiðarljósi. Heilsuefling eldri borgara er áfram

höfð í fyrirrúmi og samningur við Janus, heilsueflingu var endurnýjaður á árinu. Mikil uppbygging er á Sólvangi þar sem eru nú dagdvalir og 11 hjúkrunarrými. Heilbrigðisráðuneytið veitti styrk í nýsköpunarþjónustu á Sólvangi. Um er að ræða 39 endurhæfingar- og hvíldarrými. Einnig hefur verið ákveðið að starfsfólk heimþjónustu fái aðstoðu á efstu hæð Sólvangs.

Málaflökkur fatlaðs fólks er afar viðamikill í þjónustu fjölskyldu- og barnamálasviðs. Nýr búsetukjarni tók til starfa á árinu, uppbygging foreldrarekins kjarna stóð yfir og tekin var skóflustunga að íbúðakjarna á Kjalarnesi þar sem sveitarfélagið hefur aðkomu að tveimur íbúðum. Einnig var samþykkt aðalskipulagsbreyting að Smyrlahrauni 41 þar sem byggður verður búsetukjarni.

Aukning var í félagslegri liðveislu og fjölgaði samningum verulega milli ára. Einnig fjölgaði stuðningsfjölskyldum vegna fatlaðra barna.

Starf fjölskyldu- og barnamálasviðs byggist fyrst og fremst á því öflugum og faglegum starfsfólki sem þar starfar. Æðruleysi og framsýni við erfiðar og krefjandi aðstæður einkennir öll þeirra störf.

Kærar þakkir.

Rannveig Einarsdóttir,

sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs

Nefndir og ráð

Fjölskylduráð

Fjölskylduráð starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ráðið hélt 24 fundi á árinu 2021.

Í ráðinu voru eftirfarandi fulltrúar:

Valdimar Víðisson, formaður, Helga Ingólfssdóttir, varaformaður, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Sigurður Þ. Ragnarsson, Árni Stefán Guðjónsson og Hulda Sólveig Jóhannsdóttir.

Varamenn voru eftirtaldir:

Erla Ragnarsdóttir, Magnea Björk Ólafsdóttir, Sólon Guðmundsson, Svava Björg Mörk, Sævar Gíslason, Auðbjörg Ólafsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Lilja Eygerður Kristjánsdóttir, áheyrnarfulltrúi.

Barnaverndarnefnd starfar samkvæmt barnaverndarlögum. Nefndin fundaði 11 sinnum á árinu.

Fulltrúar í barnavernd:

Þórdís Bjarnadóttir, formaður, Mjöll Flosadóttir, varaformaður, Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, Dagbjört Rún Guðmundsdóttir, Sveindís A. Jóhannsdóttir.

Varamenn voru:

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Jóhanna Fleckenstein, Matthías Freyr Matthíasson, Hildur Anna Karlsdóttir.

Fjölskyldu- og barnamálasvið

Fjölskylduráð

Barnaverndarnefnd

Barnaverndar-teymi

Móttaka barnaverndar-tilkynninga, vinnsla barnaverndarmála, úrtektr á fóstur- og stuðnings-fjölskyldum, heimilisbeldis-verkefni og deilifloðingarmál.

Ráðgjafa-teymi

Félagsteg ráðgjöf, húsnæðismál, fjárhagsaðstoð, sérstakur húsnæðisstuðningur.

Þróun og rekstur í málafnum fatlaðs fólks

Þjónusta og rekstur á heimilum, hæltingu, starfsþjálfun, atvinnumál, skammtímavistun, athvarf fyrir geðfallaða, lengd viðvera og frístund fyrir fötluo börn og ungmennti. Prekanti líðveisla.

Starfsstöðvar fatlaðs fólks

Stuðnings- og stoðþjónustu-teymi

Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk s.s. félagsteg líðveisla og þjónustusamningar. Aksturþjónusta fyrir fatlað fólk og eldri borgara. Stuðningsþjónusta og forstundastarfar eldri borgara.

Stoðdeild flóttamanna og umsjáendga vernd alþjóðlega vernd

Þjónusta við umsjáendur um alþjóðlega vernd skv. samningi við ÚTL. Þjónusta við flóttafólk og aðstoð við aðlögun að íslensku samtíðlegi. Fjárhagsaðstoð, barnavemd er tengjast umsjáendum um alþjóðlega vernd og flóttamönnum. Útlendingar í neyð.

Fjölskyldu- og skólaþjónusta

Texti Fjölskyldu- og skólaþjónustu

Skrifstofa fjölskyldu- og barnamálasviðs

- Lögfræðiþjónusta
- Sálfræðiþjónusta
- Þjónustufulltrúi
- Verkefnastrj. Fjölmennning
- Verkefnastrj. Barnvænt sveitarfélag




Hafnarfjörður

Skipting fjármagns

Samanburður á verðlagi ársins 2021	2018	2019	2020	2021
Vísitala neysluverðs	1,11	1,07	1,04	1,00
Rekstrarniðurstaða Félagsþjónustu ¹	2.550.110.131	3.200.041.271	3.670.340.550	4.429.393.297
Skatttekjur Hafnarfjarðar ²	25.313.159.361	26.091.526.204	26.458.788.661	26.332.980.296
Hlutfall útgjalda til félagsmála af skatttekjum	10%	12%	14%	17%
Íbúafjöldi 1. desember	29.791	29.971	29.752	29.742
Kostnaður félagsþjónustu á hvern íbúa	85.600	106.771	123.364	148.927
Fjárhagsaðstoð á hvern íbúa	7.257	7.374	7.546	9.138
¹ Framlag Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra dregið frá				
² Útsvarstekjur og framlög frá Jöfnunarsjóði				

Málaflokkar félagsmála og hlutfall af kostnaði 2021	Fjárhæð	Skipting
Sameiginlegir liðir	402.498	9%
Félagshjálp (fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur)	571.315	13%
Þjónusta við börn og unglinga	746.962	17%
Þjónusta við aldraða	497.889	11%
Þjónusta við fatlaða ¹	2.155.798	49%
Þjónusta við flóttamenn og hælisleitendur ²	39.441	1%
Ýmis lögbundin framlög, styrkir og önnur framlög	15.491	0%
	4.429.393	100%
¹ Framlag Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra dregið frá heildarfjármagni vegna þjónustu við fatlaða		
² Þar af endurgreiddur kostnaður vegna 2020 23,9 mkr		
Fjárhæðir eru í þúsundum króna		

Málaflokkar félagsmála 2021



Málaflokkar félagsmála	2021	2020	Mismunur
Sameiginlegir liðir	402.498	368.769	33.729
Félagshjálp (fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur)	571.315	437.713	133.602
Þjónusta við börn og unglunga	746.962	627.567	119.395
Þjónusta við aldraða	497.889	492.449	5.441
Þjónusta við fatlaða	3.577.464	3.103.058	474.406
Þjónusta við flóttamenn og hælisleitendur	39.441	-45.420	84.861
Ýmis lögbundin framlög, styrkir og önnur framlög	15.491	18.460	-2.970
	5.851.060	5.002.596	848.464
Greiðsla frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðra	1.421.666	1.488.437	-66.771
	4.429.393	3.514.158	915.235
Fjárhæðir eru í þúsundum króna			
Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs			


Barnavernd

Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar ber ábyrgð á meðferð barnaverndarmála skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Barnaverndarnefnd fundaði 11 sinnum á árinu vegna 21 barna. Á árinu var 17 börnum ráðstafað í fóstur, þar af 11 í tímabundið fóstur og styrkt fóstur og 6 í varanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd mælir með eða hafnar umsóknum einstaklinga sem sækjast eftir því að ættleiða börn. Á árinu 2021 voru ekki lögð fyrir nefndina mál sem vörðuðu mat á hæfni umsækjanda til að ættleiða börn eða leyfi til að taka börn í fóstur en 8 leyfi voru veitt fyrir fjölskyldur til að starfa sem stuðningsfjölskyldur. Stöðugildi í barnavernd eru 9.7 og starfa 10 manns að barnaverndarmálum að meðtöldum deildarstjóra. Þá starfa við barnavernd sálfræðingur í hálfu stöðugildi og lögfræðingur í fullri stöðu en þeir veita stuðning og ráðgjöf við meðferð mála. Lögð er áhersla á þverfaglega vinnu og samfellu í meðferð mála við aðrar deildir fjölskyldu- og barnamálasviðs auk mennta- og lýðheilsusviðs.

Tilkynningar

Tilkynningaskylda vegna barnaverndarmála fer skv. 16., 17. og 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Neyðarlinan 112 tekur við tilkynningum samkvæmt samningi við barnaverndarnefndir landsins utan skrifstofutíma, forgangsraðar erindum, skráir helstu upplýsingar og kemur þeim til viðkomandi barnaverndarnefndar.

Ástæður tilkynninga



Bakvaktir


Í janúar 2014 hófst samstarf um sameiginlegar bakvaktir barnaverndarnefnda Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Samstarfið hefur gengið vel og hefur stuðlað að betri þjónustu og styrkara barnaverndarstarfi á svæðinu.

Samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) við Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ og Garðabæ um átak gegn heimilisofbeldi hófst með undirritun samstarfssamnings hinn 15. maí 2015.

Í lok árs 2016 tók til starfa teymi innan barnaverndar sem sinnir heimilisofbeldismálum. Í teyminu árið 2021 voru þrjú félagsráðgjafar úr barnaverndarteymi, einn félagsráðgjafi frá ráðgjafarteymi, einn félagsráðgjafi frá stuðnings- og stoðþjónustuteymi auk sálfræðings. Hlutverk starfsmanna teymisins er að ræða við þolendur og gerendur, veita þeim stuðning og beina þeim í viðeigandi meðferðarræði. Sálfræðingur ræðir við börnin og metur þjónustupörf þeirra.

Á árinu 2021 bárust 46 tilkynningar um heimilisofbeldi vegna 64 barna og 4 tilkynningar þar sem ekki voru börn. Sálfræðingur fjölskyldu- og barnamálasviðs tók 34 viðtöl við börn sem urðu fyrir eða vitni að heimilisofbeldi en oftast en ekki voru systkini saman í viðtölum.



Tilkynningar til barnaverndar



	2018	2019	2020	2021
Fjöldi barna í könnun eða málsmeðferð	644	613	615	604
Þar af ný mál á árinu	236	276	302	269
Fjöldi fjölskyldna í könnun eða málsmeðferð	460	447	463	427
Þar af ný mál á árinu	170	206	214	195

Úrræði barnaverndar

Megináhersla í barnaverndarvinnu er að leysa mál barnsins í nærumhverfi þess og í samvinnu við foreldra. Foreldrum er leiðbeint um uppeldi og aðbúnað barna. Félagsráðgjafar í barnavernd á fjölskyldu- og barnamálasviði vinna samkvæmt barnaverndarlögum að ráðgjöf og stuðningi, gera kannanir í málum og áætlanir í samvinnu við foreldra og börn. Áhersla er lögð á að láta raddir barna heyrast og leitast er við að ræða við börn sé þess nokkur kostur.



Vistheimili

Samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði sem veitt geta börnum móttöku í neyðartilfellum allt frá einum sólarhring upp í þrjú mánuði. Á árinu 2020 var ákveðið að vera með tvö vistheimili til starfa fyrir barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar sem skipta á milli sín mánuðum. Þetta var gert til að minnka álagið á hvort heimili. Álagið á vistheimilin er mismikið en þeir sem standa vaktina þurfa að vera til taks allan sólarhringinn til að taka á móti börnum í neyð. Á árinu 2021 voru 6 börn vistuð á vistheimilum Hafnarfjarðar og sum oftast en einu sinni.

Stuðningsfjölskyldur

Samkvæmt 85. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Markmið með stuðningsfjölskyldum er að tryggja öryggi barns, léttu álagi af barni og fjölskyldu þess og styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu. Á árinu fóru 8 börn til stuðningsfjölskyldna á vegum barnaverndar.

Vinasetur er helgarúrræði fyrir börn sem er staðsett í Kaldárseli fyrir ofan Hafnarfjörð. 12 börn fóru í Vinasetur á árinu og dvöldu þar ýmist eina eða tvær helgar í mánuði.

Persónulegir ráðgjafar

Persónulegir ráðgjafar er úrræði sem er veitt samkvæmt barnaverndarlögum. Ráðgjafarnir hafa það hlutverk að styrkja börn sem eiga við erfiðleika og félagslega einangrun að etja og styðja þau til að taka þátt í tómstundum, stunda skóla og vinnu eftir atvikum. Persónulegir ráðgjafar eru mikilvægur þáttur til að efla félagslega stöðu barnanna og styrkja þau tilfinningalega. Samband persónulegs ráðgjafa og barns byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd. Alls voru 12 einstaklingar sem störfuðu sem persónulegir ráðgjafar hjá barnavernd Hafnarfjarðar.

Tilsjón

Tilsjónarmaður hefur það hlutverk að aðstoða foreldra á þann hátt sem hentar þörfum barnsins sem best. Aðstoðin getur m.a. falið í því að leiðbeina foreldrum með daglegt skipulag barnsins, t.d. háttatíma, matartíma og heimanám. Þá getur tilsjón aðstoðað foreldra við að skipuleggja fjármál og sækja sér þjónustu frá ýmsum stofnunum. Aukin þörf hefur verið fyrir þann stuðning sem tilsjón getur veitt og starfa nú 5 tilsjónaraðilar sem sinna uppeldisfræðslu og stuðning inn á heimili. Vinna þeir fyrir allar deildir sviðsins.

Önnur úrræði


Barnavernd getur veitt ýmsan annan stuðning til að vernda og styðja börn og fjölskyldur þeirra. Má þar nefna sálfræðiviðtöl fyrir börn og fullorðna, listmeðferð, sumarþúðir, sjálfstyrkingarnámskeið og leikjanámskeið. Í sumum tilfellum er einnig notað óboðað eftirlit með heimili þar sem grunur er um að foreldrar séu í neyslu vímuefna. Auk þess er fjölþættur annar stuðningur og tengsl við stofnanir sem tengjast börnum, þar á meðal MST fjölkerfameðferð sem miðar að því að leiðbeina foreldrum barna á aldrinum 12-18 ára sem eru farin að sýna áhættuhegðun og skólavanda. Einnig má nefna greiningu og meðferð á Stuðlum meðferðarstöð ríkisins og önnur meðferðarheimili fyrir ungmenni með neyslavanda.

Fóstur

Með fóstur er átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði. Markmið fósturs er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu sem best hentar þörfum þess. Fóstur getur verið þrenns konar, varanlegt, tímabundið eða styrkt fóstur. Með varanlegu fóstur er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Ef barn sem ráðstafað er í fóstur á við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er hægt að sækja um styrkt fóstur sem er einnig tímabundið. Þá eru gerðar sérstakar kröfur til fósturforeldra um að veita umönnun og þjálfun á fósturheimili sem kemur í stað þess að vista barn á stofnun.

Við lok árs 2021 voru 41 börn í fóstur á vegum barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar, þar af 9 í tímabundnu fóstur og 26 í varanlegu fóstur. Tvö börn voru í styrktu fóstur á árinu. Þá voru fjögur ungmenni á aldrinum 18-20 í vistun skv. 3. gr. barnaverndarlaga en það er gert með samþykki þeirra.


Sálfræðingur er í teymi sem sinnir heimilisofbeldismálum og tekur viðtöl við þau börn sem hafa búið við heimilisofbeldi. Sálfræðingur er fulltrúi fjölskyldu- og barnamálasviðs í áfallateymi Hafnarfjarðar. Sálfræðingur skipuleggur sameiginlega fræðslufundi fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs ásamt fulltrúa þeirra, ásamt því að vera fulltrúi fjölskyldu- og barnamálasviðs í samráðsteymum beggja heilsugæslustöðvanna. Sálfræðingur starfar í stýrihópi Brúarinnar ásamt því að handleiða tilsjónarfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs.







Ráðgjafa- og húsnæðisteymi

Í ráðgjafa- og húsnæðisteymi starfa fimm ráðgjafar, húsnæðisfulltrúi og verkefnastjóri virkni- og atvinnuúrræða auk deildarstjóra. Hlutverk teymisins er að veita félagslega þjónustu, aðstoð og ráðgjöf samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmið laganna er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpunar m.a. með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti. Einstaklingar og fjölskyldur geta leitað eftir félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og vegna húsnæðisvanda eða félagslegra erfiðleika. Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt gildandi reglum samþykktum af bæjaryfirvöldum. Samkvæmt þeim er fjárhagsaðstoð veitt einstaklingum í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga eða fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra. Áhersla er lögð á að auka virkni vinnufærra einstaklinga og veita tækifæri til sjálfsbjargar og uppbyggingar. Fjárhagsstyrkur án virkni, endurhæfingar eða meðferðarúrræðis verði ekki meginregla heldur undantekning og byggji ávallt á faglegu mati starfsmanna. Reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins eru aðlagðar að þessu verklagi.

Fjölskyldu- og barnamálasvið er í ágætu samstarfi við Vinnuálagstofnun, Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og Virk svo eitthvað sé nefnt. Atvinnuáttak hefur einnig verið síðastliðið ár í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið og einnig mennta- og lýðheilsusvið sem hefur veitt vinnufærum einstaklingum á fjárhagsaðstoð atvinnutækifæri í gegnum vinnuskólann. Ráðinn var verkefnastjóri til að efla sérstaklega atvinnuþátttöku vinnufærra einstaklinga sem eru á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu.







Samvinna eftir skilnað

Hafnarfjarðarbæjar tók þátt í tilraunaverkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins um innleiðingu sérhæfðrar skilnaðarráðgjafar í félagsþjónustu til foreldra á Íslandi. Um er að ræða ráðgjöf til að koma í veg fyrir og/eða til að draga úr ágreiningi foreldra sem standa í skilnaði eða hafa gengið í gegnum skilnað og vilja stuðla að betri foreldrasamvinnu með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Verkefnið er unnið að danskri fyrirmynd og byggir á nýjustu rannsóknum fræðimanna og reynslu fagfólks. Rannsóknir hafa sýnt marktækan mun á líðan þeirra sem taka þátt í verkefninu og þeirra sem ekki gera það.

Foreldrum stendur til boða:


- Rafrænt námskeið varðandi áhrif skilnaðar á foreldra, viðbrögð barna við skilnaði og samvinna foreldra við skilnað.
- Sérhæfð ráðgjöf hjá SES ráðgjöfum Hafnarfjarðarbæjar.
- Hópnámskeið fyrir foreldra þar sem ítarlega er fjallað um áhrif skilnaðar á fjölskyldu.

Um er að ræða gagngert námsefni sem er ætlað að hjálpa foreldrum við að takast á við breytingar og áskoranir sem algengar eru í kjölfar skilnaðar eða sambúðarslita.

Húsnæðismál

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er til greiðslu húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður einstaklingum og fjölskyldum þeirra, sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa og þungrar framfærslubyrðar.




Félagslegt leiguhúsnæði

Ráðgjafarteymi annast móttöku á umsóknum um félagslegt leiguhúsnæði en réttur til félagslegrar leiguíbúðar er bundinn ákveðnum skilyrðum. Við mat á umsóknum er tekið tillit til tekna, húsnæðisadstæðna og félagslegra aðstæðna. Endurnýja þarf umsókn á hverju ári. Skýr verkaskipting er á milli umhverfis- og skipulagssviðs og fjöl

skyldu- og barnamálasviðs varðandi félagslegt leiguhúsnæði. Umhverfis- og skipulagssvið ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi íbúðanna og tekur á mótí ábendingum vegna ástands þeirra. Fjölskyldu- og barnamálasvið tekur á mótí ábendingum vegna umgengni íbúa ásamt því að sjá um úthlutanir í félagslegt leiguhúsnæði.

Í lok árs 2021 voru 124 umsóknir á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði og hafði fækkað um 16 frá lokum árs 2020.

Fjöldi á biðlista eftir félagslegu húsnæði



Skarðshlíð íbúðafélag hses

Verksamningur milli Skarðshlíðar íbúðafélags hses. og Modulus eignarhaldsfélags um byggingu almennra leiguíbúða í Skarðshlíð var undirritaður í maí 2018. Skarðshlíð íbúðarfélag hses er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var af Hafnarfjarðarbæ. Félagið er rekið án hagnaðarsjónarmiða og hefur þann tilgang að byggja eða kaupa, eiga eða hafa umsjón með rekstri og viðhaldi almennra íbúða og veita þjónustu í almannabágu samkvæmt lögum um almennar íbúðir. Hugmyndafræðin að baki íbúðanna er að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum aðgengi að öruggu húsnæði í langtímaleigu. Ráðgert er að húsaleiga standi undir afborgunum af lánum, fjármagnsgjöldum og rekstri. Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar að rekstri félagsins snýr einungis að úthlutun. Leigjendur sjá sjálfir um stjórn og rekstur félagsins en sveitarfélagið á aðild. Tólf leiguíbúðir voru til afhendingar í desember 2019 að Hádegisskarði 12 og 16 en sex íbúðir eru á hvorri lóð. Um er að ræða sex tveggja herbergja íbúðir, fjórar þriggja herbergja íbúðir og tvær fjögurra herbergja íbúðir. Tvær af tólf íbúðunum eru í félagslegu húsnæðiskerfi sveitarfélagsins.

Fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar

Brúin

Barn - Ráðgjöf - Úrræði

Frá og með haustinu 2018 hefur Hafnarfjarðarbær starfrækt Brúnna, sem er verklag í þjónustu við börn í leik- og grunnskólum sveitafélagsins. Markmið Brúarinnar er að samþætta þjónustu bæjarins og auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra. Áhersla er lögð á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum með aðkomu brúarteyma leik- og grunnskólanna. Ásamt því hefur samvinna fagfólks verið eflað milli fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

Í Brúarteymi sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar og ráðgjöfum frá mennta- og lýðheilsusviði. Hlutverk brúarteyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í brúarteymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrr við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Ef brúarteymin meta í samstarfið við foreldra að þörf er á markvissari samþættri þjónustu er málinu vísað til ólíkra deilda fjölskyldu- og barnamálsviðs og/eða mennta- og lýðheilsusviðs eftir eðli málsins.

Deildin fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar tilheyrir bæði fjölskyldu- og barnamálasviði og mennta- og lýðheilsusviði og sér um að fylgja eftir verkferlum Brúarinnar og samþættingu þjónustu út í brúarteymi skólanna og milli deilda á báðum sviðum. Ráðgjafar fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar veita einnig foreldrum og börnum einstaklingsmiðaðan snemmbæran stuðning og virkja viðeigandi úrræði fyrir barnið og fjölskyldu þess. Þeir eru málstjórar mál barnsins og tryggja að fjölskyldan fái samþætta þjónustu milli ólíkra kerfa í takt við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Í byrjun verkferlar Brúarinnar innleiddir í sjö leikskóla og þrjú grunnskóla. Haustið 2019 bættust við fjórir leikskólar og tveir grunnskólar. Skólaárið 2020-2021 voru allir leik- og grunnskólar Hafnarfjarðar orðnir þátttakendur í innleiðingu á verklaginu. Ekki er um tímabundið verkefni að ræða heldur breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Viðhorfskönnun var gerð í mars 2019 á meðal starfsfólks brúarteyma þeirra leik- og grunnskóla sem voru í Brúnni og meðal foreldra þeirra barna sem höfðu fengið þjónustu í gegnum brúarteymi. Niðurstöður sýndu að starfsfólk var almennt ánægt með skýrt verklag Brúarinnar og taldi að markviss samvinna og þjónusta frá fjölskyldu- og barnamálasviði og mennta- og lýðheilsusviði væri að nýtast vel fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa á auknum stuðningi að halda. Þeir foreldrar sem svöruðu könnuninni töldu stuðninginn sem þeir fengu í gegnum brúarteymin gagnast fjölskyldunni vel. Starfsfólk leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar, fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs munu halda áfram að þróa verklag Brúarinnar saman næstu árin og þannig stuðla að samþættari þjónustu fyrir fjölskyldur í Hafnarfirði.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda mála sem tekin voru fyrir í brúarteymum 9 grunnskóla og 18 leikskóla árið 2021 og var vísað í ráðgjöf til ráðgjafa hjá fjölskyldu- og barnamálasviði, námskeið eða athugun/ greiningu sérfræðinga hjá mennta- og lýðheilsusviði.

Fjöldi mála, BRÚIN 2021	Grunnskólar	leikskólar	Alls
Mál til umfjöllunar í brúarteymum	404	237	641
Málum vísað úr brúarteymum í samþættingu stuðning	324	188	512

Stuðnings- og stoðþjónusta

Í stuðnings- og stoðþjónustu eru starfandi 6 starfsmenn á skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs. Helstu verkefni eru stuðningsþjónusta fyrir eldri borgara og fatlað fólk s.s. félagsleg

heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, þjónustusamningar og stuðningsfjölskyldur. Auk þess er veitt ráðgjöf og stuðningur, akstursþjónusta, félagsstarf, mótuneyti, matarsendingar og margt fleira.

Málefni eldri borgara

Þjónustan er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Eldri borgarar eru stækkandi hópur innan sveitarfélagsins með mismunandi þarfir sem taka þarf mið af þegar verið er að skipuleggja og veita þjónustu. Leitast er við að efla forvarnir, nýtingu á velferðartækni og auknu félagsstarfi.

Öldungaráð

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra 1999 nr. 125 31. desember skal starfa formlegur samráðsvettvangur sem nefnist öldungaráð. Samkvæmt 7.gr laga um málefni aldraðra skal sveitarstjórn kjósa eftir sveitarstjórnarkosningar að lágmarki þrjá fulltrúa, þrjár fulltrúar skulu tilnefndir af félagi eldri borgara (FEBH) auk eins fulltrúa frá heilsugæslu ásamt tveimur starfsmönnum fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Öldungaráð hefur verið starfandi frá árinu 2006. Öldungaráði er ætlað að gæta hagsmuna eldri borgara í Hafnarfirði og vera bæjarstjórn til ráðgjafar um þau málefni. Ráðið skal hafa sem víðtækast samráð við samtök eldri borgara í Hafnarfirði og aðra þá aðila sem láta málefni þeirra til sín taka.

Öldungaráð fundar reglulega, en vegna Covid-19 voru fundirnir færri en venjulega, og voru sex fundi á árinu. Öldungaráð átti einnig aðkomu að fjárhagsáætlunargerð.

Félagsleg heimaþjónusta

Helstu verkefni í þjónustu við eldri borgara á vegum sveitarfélagsins eru félagsleg heimaþjónusta, kvöld- og helgarþjónusta, heimsendur matur, mótuneyti á tveimur stöðum í bænum, almenn dagdvöl og sérhæfð dagþjálfun sem rekin er á Sólvangi, akstur eldri borgara og félagsstarf. Auk þess er veitt ráðgjöf til eldri borgara og aðstandenda þeirra. Mikið og gott samstarf er við félagsamtök í bænum og aðila í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.

Á vegum ríkisins er þjónusta við eldri borgara aðallega fólgin í heimahjúkrun, hvíldarinnlögnum og varanlegri vistun á hjúkrunarheimilum að undangengnu færni- og heilsumati.

Félagsleg heimaþjónusta er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 þar sem kveðið er á um að efla skuli viðkomandi til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

Mat á þjónustupörf


Stuðst er við alþjóðlegt matskerfi, Rai Home Care sem tryggir samræmt, faglegt og hlutlaust mat á þjónustupörf einstaklinga í félagslegri heimaþjónustu. Félagsleg heimaþjónusta felur í sér aðstoð við heimilishald, heimsendingu matar, innlitsþjónustu, félagslega ráðgjöf og stuðning. Fjöldi eldri borgara fer vaxandi og því aukast kröfur til heilbrigðis- og félagsþjónustu um að finna leiðir til að annast þá sem glíma við heilsuþrest og skerta færni. Sú þjónusta þarf bæði að vera góð og hagkvæm. Mikilvægt er því að hafa mælitæki sem greinir þarfir eldri borgara og hvernig mæta á þörfum þeirra á skilvirkan hátt.

Árið 2021 voru 19,4 stöðugildi við félagslega heimaþjónustu og kvöld- og helgarþjónustu. Einnig voru starfsmenn í 4,5 stöðugildum í mötuneytum og sem starfsmenn félagsmiðstöðva eldri borgara. Hluta heimaþjónustunnar sem nemur um það bil fimm stöðugildum er úthýst. Heimili sem fengu félagslega heimaþjónustu voru 662 og fækkaði þeim um 6 heimili milli ára og má rekja þann árangur til öflugra forvarna.

Heimaþjónustan notast við rafræna skráningu. Kerfið er notað til að stýra, skrá og breyta verkefnum og samningum.

Kostir kerfisins eru margvíslegir, meðal annars bætt skipulag og nýting vinnutíma starfsmanna og skýrari yfirsýn yfir alla heimaþjónustuna. Kostir kerfisins eru einnig fólgnir í því að það fæst staðfesting á veittri þjónustu og ættingjar fá meiri innsýn í veitta þjónustu, ef þeir og þjónustunotendur óska þess. Kerfið er tvíþætt, annars vegar heimilissmáforrit sem starfsmenn eru með í sínum sínum og hins vegar bakendakerfi sem stjórnendur heimaþjónustunnar eru með við skipulagningu þjónustunnar.


Á árinu var tekið í notkun rafræn atvikaskráning, Huginn Care og er markmiðið að halda enn betur utan þjónustuþega samtímis sem kerfið auðveldar samskipti starfsmanna í dag og kvöld- og helgarþjónustu.



Heimsendur matur

Alla daga ársins er í boði heimsendur matur í hádegi til þeirra sem ekki geta sjálfir séð um matseld og geta ekki nýtt sér mötuneyti sveitarfélagsins. Á Covid 19 tímum jókst eftirspurn eftir heimsendum mat og fjölgaði notendum nokkuð á milli ára. Á árinu fengu 278 heimili heimsendan mat.

Mötuneyti eru rekin á tveimur stöðum í Hafnarfirði, Hjallabraut 33 og Sólvangsvegi 1. Mötuneytin eru vel sótt og standa öllum Hafnfirðingum 67 ára og eldri til boða, alla virka daga ársins.



Heilsuefning eldri borgara

Gerður hefur verið samningur við dr. Janus Guðlaugsson varðandi heilsuefningu eldri borgara. Um er ræða heilsuefningu eldri borgara nefnt Fjölpætt heilsurækt 65+ í Hafnarfirði. Eitt af meginmarkmiðum þessa verkefnis og rannsókna því tengdum er að bjóða þátttakendum upp á heilsuefningu til lengri tíma. Um er að ræða íhlutun í formi daglegrar hreyfingar með áherslu á þol- og styrktarþjálfun auk fræðslu um næringu og aðra heilsutengda þætti. Heildarfjöldi þátttakenda í byrjun var 160 einstaklingar en á 6 mánaða fresti er hægt að taka nýja aðila inn í verkefnið.

Akstursþjónusta eldri borgara og fatlaðs fólks

Hafnarfjarðarbær veitir akstursþjónustu í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Frá því í byrjun árs 2015 hafði Strætó bs rekið ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. Farið var í útboð á allri akstursþjónustunni í byrjun 2020 og um mitt ár 2020 var gengið til samninga við Hópbíla um rekstur akstursþjónustunnar í Hafnarfirði. Akstursþjónustan er ætluð þeim sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur. Eftirspurn dalaði nokkuð í takt við framgang Covid-19 um mitt

árið, en jókst síðan aftur seinni hluta ársins. Að meðaltali nýttu 207 sér akstursþjónustuna í hverjum mánuði.

Dagdvöl

Hjúkrunarheimilið að Sólvangsvegi rekur dagdvöl með 14 almennum dagdvalarrýmum. Dagdvölin hefur þurft að vera lokað að hluta til á árinu vegna heimsfaraldurs, en hana sækja um 19 einstaklingar. Um mitt ár 2020 samþykkti heilbrigðisráðuneytið 12 rými fyrir sérhæfða dagþjálfun. Sérhæfða dagþjálfunin opnaði um mitt árið. Lagt er upp með heimilislegt og notalegt umhverfi á báðum dagdvölunum. Leitast er við að viðhalda sjálfstæði og styrkja færni einstaklingsins eins lengi og kostur er. Dagdvölin á Sólvangi hefur létt verulega á brýnni þörf en fyrir er dagdvöl á Hrafnistu með 26 rýmum og dagþjálfun á vegum FAAS í Drafnarhúsi með 22 rými.

Hjúkrunarheimili

Árið 2019 opnaði nýtt og glæsilegt 60 rýma hjúkrunarheimili við Sólvang. Sjúkratryggingar Íslands auglýstu eftir rekstraraðila og var samið við Sóltún öldrunarþjónustu um reksturinn sem einnig hefur með höndum rekstur dagdvalarinnar á Sólvangi. Gert er ráð fyrir að gamli Sólvangur fái nýtt og endurnýjað hlutverk sem miðstöð þjónustu fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu. Gamli Sólvangur verður m.a. nýttur fyrir endurhæfingu- og hvíldarinnlagir. Framkvæmdir og breytingar á gamla Sólvangi standa yfir og er gert ráð fyrir að opnuð verði ný hjúkrunardeild með 11 rýmum á 2. hæð í lok ársins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði að fullu lokið í október í ár.


Félagsstarf

Félagsstarf eldri borgara er rekið á Flatahrauni 3 (Hraunsel) í samstarfi við Félag eldri borgara í Hafnarfirði (FEBH). Félagstarfið er mjög fjölbreytt og ættu flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Vegna heimsfaraldurs þurfti félagstarfið að hafa lokað um tíma í ár, en fengin var undanþága til að hafa félagstarfið opið. Þátttakendur skráðu sig í virkni og gætt var þess að fylgja leiðbeiningum landlæknis um sóttvarnir.

Um sumarið gafst möguleiki á að auka framboð í félagstarfinu og boðið var m.a. upp á snjalltækjanámskeið sem mæltist vel fyrir og var mjög vel sótt. Markmið er að halda slík námskeið með reglubundnum hætti og þannig stuðla að aukinni þekkingu og notkun snjalltækja ásamt því að auðvelda eldri borgurum að viðhalda tengslum við fjölskyldu og vini nær og fjær.

Hafnfirðingar 67 ára og eldri voru í upphafi árs 2021, 3.300 eða 11,1% af íbúum sveitarfélagsins. Í lok árs hafði þeim fjölgað um 3,3%, töldu því 3.408 einstaklinga eða 11,5% bæjarbúa.



Málefni fatlaðs fólks

Félagsleg liðveisla fatlaðs fólks

Félagsleg liðveisla er einstaklingsmiðaður, persónulegur stuðningur og aðstoð sem er ætlað að rjúfa félagslega einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi. Liðveisla er veitt fötluðum börnum frá 6 ára aldri sem og fullorðnu fötluðu fólk. Fjöldi starfsmanna í félagslegri liðveislunni er um 120.

Heimsfaraldur hafði umtalsverð áhrif á fjölda tíma í liðveislunni. Margir notendur óskuðu eftir fleiri tímum í liðveislunni en lokanir í skólum, félagsstarfi og öðrum stofnunum hafði mikil áhrif á notendahópinn. Að jafnaði eru veittar 10 – 12 klukkustundir á mánuði en að hámarki 20 klukkustundir á mánuði skv. reglum um liðveislunni fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði. Í undantekningartilfellum eru veittar fleiri klukkustundir í félagslega liðveislunni vegna sérstakra aðstæðna sem metnar eru í hverju tilfelli fyrir sig.

Félagsleg liðveisla	Samningar
Fjöldi samninga 2017	136
Fjöldi samninga 2018	154
Fjöldi samninga 2019	160
Fjöldi samninga 2020	160
Fjöldi samninga 2021	202

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem tóku gildi 1. október 2018 á einstaklingur rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi.

Á árinu 2021 nýttu alls sextán einstaklingar þetta þjónustuform. Tilhögun NPA þjónustu gerir viðkomandi notanda kleift að ráða sjálfur til sín aðstoðarfólk á grundvelli samnings við sveitarfélagið sem greiðir fjármagn í samræmi við samþykktan tímafjölda.

Vinna skal að innleiðingu NPA á tímabilinu 2018-2022. Starfshópur sem skipaður var af fjölskylduráði 2019 skilaði af sér í byrjun júlí reglum um notendastýrða persónulega aðstoð og nýju viðmiði um tímagjald.

NPA	2018	2019	2020	2021
Fjöldi samninga	14	19	18	16
Kostnaður	143.051.82	367.917.802	405.004.426	466.539.783

Þróun og rekstur í málefnum fatlaðs fólks

Hafnarfjarðarbær ber ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk, stefnumótun, framkvæmd þjónustunnar og eftirliti með henni. Fatlað fólk á rétt á allri almennri þjónustu sveitarfélagsins. Sé þjónustuþörf meiri veitir sveitarfélagið sértæka þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustuþarfir.

Hafnarfjarðarbær veitir margvíslega þjónustu, ráðgjöf og stuðning við fatlað fólk og foreldra fatlaðra barna. Bærinn veitir þjónustu á heimilum, hæfingu, starfsþjálfun og býður uppá verndaða vinnu. Einnig er boðið upp á stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn, skammtímadvöl og akstursþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Þjónusta við fatlað fólk hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og ýmiss ný þjónusta bætist reglulega við til að bregðast við þörf hverju sinni.

Áhrif heimsfaraldurs Covid –19 hélt áfram að setja mark sitt á alla starfsemi árið 2021. Mikil vinna fór í viðbrögð við veikindum, starfsmanna og íbúa. Viðbrögð við nýjum áherslum í sóttvörum og annað sem einkenndi þjóðfélagið í tengslum við heimsfaraldurinn. Snéri þetta bæði að þjónustu við fatlað fólk á heimilum þeirra og daglega þjónustu utan heimilis sem hélst að einhverju leyti opin með breyttu sniði í faraldrinum þar sem færri fengu að sækja þjónustu í einu og að því leyti varð skerðing á þjónustunni, en starfsfólk dagþjónustu fór í sumum tilvikum (þar sem þörfin var mest) á heimili fatlaðs fólks með þjónustuna.

Stoðþjónusta

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir er stoðþjónusta viðbótarþjónusta við lögbundna almenna þjónustu sem fötluðu fólki stendur til boða. Stoðþjónustan getur verið margþætt og miðast við eftirtaldar þarfir:

1. Að treysta möguleika fatlaðs fólks til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku.
2. Þarfir til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu.
3. Þarfir fyrir sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti. Þarna er meðal annars átt við það sem í eldri lögum var kallað félagsleg liðveisla.
4. Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra.
5. Þarfir fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.

Starfsstöðvar í málefnum fatlaðs fólks

Bærinn rekur eina skammtímadvöl í bænum og nokkur ólík vinnu, virkni- og frístudatilboð fyrir ólíkan aldur. Einnig eru tólf sértækir íbúðarkjarnar í Hafnarfirði með samanlagt 65 íbúum auk þess sem fatlað fólk sem býr í íbúðum vött og breitt um bæinn fær þjónustu heim miðað við þarfir hvers og eins.

Eitt herbergjaheimili var lagt niður árið 2021 og fluttu þeir fjórir íbúar sem þar bjuggu í nýjan búsetukjarna að Öldugötu, en þar eru íbúðir fyrir sex íbúa.

Flestir búsetukjarnar færðu gagnaupplýsingar yfir í rafrænt skráningarkerfið Huginn Care. Nokkrir íbúakjarnar töldu þörf á lengri aðlögunartíma áður en þeir taka ákvörðun um hvort kerfið henti starfsstöðinni. Með því að færa skráningar yfir í kerfi Huginn Care er verið að auka til muna öryggi upplýsinga og aðgangsstýringa.

Stuðningsþjónusta í formi frekari liðveislu

Stuðningsþjónusta sem veitt á heimilum fólks sem býr utan kjarna hét í eldri lögum frekari liðveisla. Hún er ein af þeim leiðum sem farnar eru í að treysta möguleika fatlaðs fólks til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku. Þessi þjónusta er veitt frá þremur búsetukjörnum til fólks sem búsett er víðsvegar um bæinn.

Hnotuberg 19 – Skammtímadvöl

Skammtímadvölin að Hnotubergi 19 er rekin sem þjónustustofnun, sbr. 17. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Fjölskyldur fatlaðs fólks skulu eiga kost á því að börn þeirra njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum.

Skammtímadvöl býður upp á hvíld og afþreyingu, aðstoð og grunnþjálfun við athafnir daglegs lífs auk þess að undirbúa flutning úr foreldrahúsum.

Hafnirsk börn, 16 ára og yngri nýta skammtímadvöl í Móafliot í Garðabæ.

Árið 2021 hélst skammtímadvölin opin í Covid-19 faraldrinum en Covid hafði áhrif á nýtingu á dvöl þar sem nokkuð var um að notendur nýttu ekki dvöl sína vegna faraldursins. Þó nokkrir notendur fóru í sóttkví og sumir nokkrum sinnum. Einnig ákváðu aðstandendur að halda notendum heima þegar ástandið í þjóðfélaginu var slæmt og það hafði áhrif á nýtingu.

Hnotuberg	2018	2019	2020	2021
Fjöldi notenda yfir árið	34	36	36	31
Fjöldi notenda sem eru Hafnirðingar	17	17	17	11
Fjöldi nýtttra dvalarsólarhringa	1.988	2.034	1.916	1.917
Fjöldi starfsmanna	15	14	20	14
Fjöldi stöðugilda	8,8	8,8	9,7	10,2

Fjöldi starfsmanna 8,8 varð 10,2 vegna breytinga í tengslum við Betri vinnutíma

Bæjarhraun 2 - Hæfingarstöð

Markmið Hæfingarstöðvarinnar er að bjóða einstaklingum, 18 ára og eldri, með mikla stuðningsþörf þjónustu og þjálfun. Stefnan er að auka og efla styrkleika hvers og eins til virkari þátttöku í eigin lífi og þar með samfélaginu. *Áhersla er lögð á, að styðja notendur við notkun óhefðbundinna tjáskipta.*

Áhrif heimsfaraldursins gætti enn þá inn í starfsárið 2021 þ.e. 25% skerðing á þjónustu (mæting í þrjú tíma í stað fjögurra) til 11. mars. 2021. Með því móti var hægt að tryggja góða sóttvörn milli hópanna fyrir hádegi og eftir hádegi. Gætt var að öllum fjöldatakmörkunum.

Tvisvar sinnum þurfti að loka hæfingarstöðinni vegna viðgerða á húsnæði þ.e. frá 5. júlí til 3. ágúst og svo aftur frá 11. nóv. til 28. desember. Á þeim tímabilum var þjónusta veitt í öðru húsnæði og/eða inni á heimilum notenda.

Hæfingarstöð Bæjarhrauni	2018	2019	2020	2021
Fjöldi notenda	23	22/23	23	23
Fjöldi notenda sem eru Hafnirðingar	16	14/15	14	14
Fjöldi starfsmanna (+ AMS)	13 + 2	13 + 3	14 + 4	14 + 4
Fjöldi stöðugilda	11,5	11,5	11,5	11,5

Geitungarnir - atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk

Geitungarnir eru virkni- og vinnuþjálfun á almennum vinnumarkaði fyrir fatlað fólk sem lokið hefur framhaldsskóla. Geitungar eru staðsettir á Suðurgötu 14.

Starfið hefur vaxið ört á liðnum árum og er talsverð eftirspurn í Geitungana. Það eru þjónustunotendur frá öllu höfuðborgarsvæðinu í Geitungunum í dag og ekki komast allir að sem þess óska.

Geitungarnir hafa hlotið viðurkenningar eins og Múrbrjótinn árið 2018 og viðurkenningu EIPA (Evrópustofnun í opinberri þjónustu) árið 2017.

2021 var fullt af áskorunum vegna Covid og þurfti oft að aðlaga starfið sökum þess. En starfsemi Geitungana var opin allt árið en það komu tímabil sem unnið var meira innanhúss og minna farið út á vinnustaði (sjálfskipuð sóttkví). Leitað var sífellt nýrra leiða til að geta haldið starfsemi gangandi vegna sífellt breyttra sóttvarnareglna í landinu og að skerða þjónustuna sem allra minnst.

Geitungarnir	2018	2019	2020	2021
Fjöldi notenda	18	22	26	32
Fjöldi Notenda sem eru Hafnirðingar	11	14	19	21
Fjöldi starfsmanna	11	12	15	18
Fjöldi stöðugilda	9,15	10,15	13,15	13,5

Lækur - Félagsstarf


Lækur er athvarf fyrir einstaklinga með geðrænar áskoranir. Markmið með starfsemi Lækjar er að draga úr félagslegri einangrun, auka lífsgæði og efla félagslega og líkamlega vellíðan.

Ekki er um að ræða hefðbundinn meðferðarstað né stofnun heldur er lögð áhersla á að skapa heimilislegt andrúmsloft á jafningjagrundvelli þar sem boðið er upp á ýmiskonar afþreyingu og fræðslu. Þannig er unnið að því að auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðrænan vanda að stríða.

Lækur var stofnaður árið 2003 og var þá samstarfsverkefni Hafnafjarðardeildar Rauða krossins, Hafnarfjarðarbæjar og Svæðisskrifstofu Reykjaness um málefni fatlaðra. Árið 2018 tók Hafnarfjarðarær alfarið við rekstri Lækjar.

Árið 2021 var ýmislegt gert til að ná áður nefndum markmiðum. Í upphafi árs var fönðrað í snyrtivörugerð, kertagerð og sápuverð. Matreiðslunámskeið var haldið einu sinni í viku, þar sem tekið er fyrir ákveðið þema 5 vikur í senn. Þrjóna-, spila-, kvíða- og handverkshópar voru á sínum stað. Á föstudögum var kósí kaffihúsa stemning í húsi og listamenn komu í heimsókn. Bryndísi Jakobs og Teitur Magnússon voru t.d. meðal gesta. Áherslan er alltaf á hreyfingu í einhverskonar formi, farið í göngutúra, boðið upp á jóga, leikfimi í sal inni, dansleikfimi og lóða leikfimi. Garðurinn er alltaf vel nýttur þegar veður leyfir til útiveru bochai og körfubolta. Þetta árið var lögð áhersla á rækta upp garðinn, en ekkert hafði verið gert við garðinn lengi. Smíðuð voru gróðurbox og gróðursett um 20 tré. En innandyra voru ræktaðar tómataplöntur og fleira. Vikulega voru ljóða og bóka klúbbar. Við vorum með vinabandagerð, týndum og þurrkuðum blóm sem við unnum með.

Haldið er upp á alla Við höldum alla daga hátíðlega eins og bolludag, þorablót, bónda og konudag. Halloween, páskabingó o.fl. Farið var í árlega leikhúsförð. Þar að auki kemur til okkar hundur á hverjum degi á Læk í vinnu. Hún hefur það hlutverk að knúsa og koma út að ganga. Hundinum þarf að sinna og gestir taka það hlutverk að sér. En einnig sinna gestir hænum úti í garði. Hægt er að nálgast egginn bæði utan frá og fara inn í kofann. Svo var mikið var lagt upp úr skemmtilegri desember dagskrá. Enda iðaði allt í lífi, ljósi og hugguleg heitum í desember.



Opið var í 250 daga árið 2021. Heildarfjöldi gesta árið 2021 voru 3.285. Meðaltal fjölda gesta var um 13 einstaklingar á dag árið 2021 til samanburðar við 11 árið 2020. Heildarfjöldi gesta sem komu í mat árið 2021 voru 2.574. Meðaltal fjölda gesta í mat voru rúmlega 10 einstaklingar árið 2021 en 8 árið 2020.

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskylda, er hluti af stuðningsþjónustu, hefur það hlutverk að taka fatlað barn í umsjá í skamman tíma til að létta álagi af fjölskyldu þess og veita barninu tilbreytingu. Þörf fyrir þjónustu er metin út frá aðstæðum barnsins og fjölskyldu þess. Við matið er horft til fötlunar barnsins og umönnunarþarfar, sem og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar. Í mörgum tilfellum eru það ættingjar sem taka að sér að veita stuðninginn, að undangengnu mati og uppfylltum kröfum sem gert er til stuðningsfjölskyldna.

Til að koma til móts við þarfir fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra hafa verið gerðir 10 samningar við Vinasetrið um helgardvalir fyrir börn í stað hefðbundinna stuðningsfjölskyldna.

Stuðningsfjölskyldur	2018	2019	2020	2021
Fjöldi barna	70	60	57	61

Styrkir til náms- og tækjakaupa 25.gr.

Samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir 38/2018 V.kafli 25.gr. hefur sveitarfélag heimild til að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna hæfingar og endurhæfingar. Um er að ræða styrki vegna verkfæra- og tækjakaupa eða til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annara laga.

Umsóknir um styrki eru auglýstir á heimasíðu sveitarfélags og í bæjarblöðum sveitarfélagsins. Í ár fengu 20 einstaklingar úthlutuðum styrkjum.

Ráðgjafaráð

Ráðgjafaráð í málefnum fatlaðs fólks í Hafnarfirði var stofnað í september 2012. Hlutverk ráðgjafaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórnir á þjónustusvæðinu um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk.

framkvæmd hennar og þróun. Ráðgjafaráðið miðlar þannig upplýsingum milli fatlaðs fólks og stjórnvalda sveitarfélaganna um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk.

Samkvæmt XI.kafli 42.gr 2.mgr laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 1991 nr. 40 skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Í ráðgjafarráði sitja aðilar frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, Öryrkjabandalaginu og Blindrafélaginu en ekki hefur náðst að fá fulltrúa frá Þroskahjálpi. Einnig situr í ráðinu starfsmaður fjölskyldu- og barnamálasviðs og er hann jafnframt ritari ráðsins. Ráðgjafarráð fundaði reglulega árið 2021 eða alls 7 sinnum. Helstu áherslur á árinu voru aðgengismál fatlaðra í sveitarfélaginu og að veita umsagnir fyrir gæða og eftirlitsstofnun vegna starfsleyfa. Einnig farið yfir reglur sem var verið að endurnýja hjá bænum.

Samstarf innan SSH

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafa náið samstarf um ákveðna þætti í þjónustu við fatlað fólk, meðal annars á grundvelli samstarfssamnings sem undirritaður var haustið 2010. Samráðshópur sem skipaður er sviðsstjórum velferðarsviða sveitarfélaganna á svæðinu annast stjórn þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um og hefur samráð um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á svæðinu. Í þessu samstarfi eru Hafnarfjörður, Reykjavík, Kópavogur, Garðabær og Mosfellsbær.

Teymi með starfsmanni frá hverju áður talinna sveitarfélaga var myndað á grundvelli samningsins um mat umsókna og inntöku á þær þjónustueiningar sem falla undir ákvæði hans. Teymið sér einnig um fræðslu til starfsmanna þessara sveitarfélaga, vinnur skýrslur, reglur og önnur verkefni sem sviðsstjórar sveitarfélaganna óska eftir að teymið taki að sér.

Fræðsla

Fræðsluteymi SSH hefur haldið utan um starfstengda símenntun fyrir fólk sem starfar á heimilum, skammtímadvöl, vinnustöðum og frístund fatlaðs fólks í sveitarfélögunum. Teymið hefur haldið úti metnaðarfullri og öflugri fræðslu sem er sérhæfð og tekur til flestra þeirra þátta sem störf fella í sér. Fræðsluteymið hefur starfað frá árinu 2011. Frá hausti 2016 hafa námskeiðin verið haldin í samstarfi við Fræðslusetur Starfsmenntar. Fræðslan er sveitarfélögunum að miklu leyti að kostnaðarlausu fyrir þá starfsmenn sem tilheyra BSRB. Skipulag og dagskrá námskeiða liggja fyrir eina önn fram í tímann.

Árið 2021 setti Covid faraldurinn strik í námskeiðsáætlun þar sem fella þurfti niður einhver námskeið en önnur voru haldin í gegnum fjarfundarbúnað á vefnum. Auk þess var eitthvað um að starfsfólk komst ekki á námskeið þar sem oft var erfitt að manna starfseminna vegna Covid. Á dagskrá voru 30 námskeið en fella þurfti niður 4 þeirra vegna Covid. Þar af var námskeiðið varnarviðbrögð fellt 3x niður en það er námskeið sem krefst staðnáms og nálægðar. Því voru í raun haldin 26 námskeið fyrir starfsfólk sem sinnir þjónustu við fatlað fólk. Alls sóttu 198 starfsmenn þessi 26 námskeið sem eru nokkuð færri en árin fyrir Covid.

Fræðsla	2018	2019	2020	2021
Fjöldi námskeiða	22	18	14	26
Fjöldi starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar sem sótti fræðslu	275	276	105	198

Frístund fatlaðs fólks

Vinaskjól

Vinaskjól er frístundatilboð fyrir fötluð ungmenni á aldrinum 16-20 ára. Ungmennin eru í framhaldsskóla fyrir hádegi og þurfa dvöl eftir að skólavist lýkur á daginn. Þegar framhaldsskólar loka býðst einstaklingum að vera fyrir hádegi í Vinaskjóli. Vinaskjól er staðsett í Húsinu, Suðurgötu 14.

Ungmennin sem nýttu sér þjónustu Vinaskjóls eru úr Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Grindavík. Markmið Vinaskjóls er að styðja þjónustunotendur til sjálfstæðis, efla vald- og sjálfsákvörðunarrétt þeirra og auka félagslega færni og almenna þátttöku. Skipulag Vinaskjóls er einstaklingasmiðað og fær hver og einn að taka þátt í frístundastarfi eftir því hvað hentar hverjum og einum. Unnið er eftir hugmyndafræði Þjónandi leiðsagnar.

Covid hafði minni áhrif á Vinaskjól en árið 2020. Sumir foreldrar kusu að halda sínu barni heima í nokkra daga þegar ástandið var slæmt. Starfsfólki tókst að halda úti óskertri þjónustu með því að hólfaskipta rýmum og starfsmönnum. Með því móti voru færri aðilar í samskiptum og því minni hætta á smiti.

Vinaskjól	2018	2019	2020	2021
Fjöldi notenda	16	15	15	15*
Fjöldi hafnfirskra notenda	4	6	6	4
Fjöldi stöðugilda í Vinaskjóli og kvöldstarfi	5,2	6,35	6,35	8,29

*Í heildina voru 19 þjónustunotendur í Vinaskjóli árið 2021. Á vorönn voru 15 einstaklingar og á haustönn 14. Fjöldi Hafnfirskra notenda var 4 á báðum önnum.

Verkherinn

Verkherinn er atvinnutengt frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni á aldrinum 16 - 20 ára á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Starfsemin fer fram í Húsinu Suðurgötu 14. Markmið starfsins var tvíþætt en annars vegar fengu ungmennin tækifæri til þess að spreyta sig við hin ýmsu störf með þeim stuðningi sem hver og einn þarfnadist og hins vegar að efla og ýta undir félagsleg tengsl sín á milli og út í samfélagið. Unnið er eftir hugmyndafræði Þjónandi leiðsagnar.

Verkefni Verkhersins þetta sumarið voru samstarf við Krambúðina sem staðsett er í verslunarmiðstöðinni Firði. Tóku starfsmenn einnig að sér að þrifa glugga og hreinsa garða hjá stofnunum bæjarins ásamt öðrum fyrirtækjum í nágrenninu.

Starfsmenn sáu um að elda hádegismat og ganga frá, taka á móti einstaklingum og skrá niður mætingu, gróðursetningu og önnur tilfallandi verkefni.

Tímabil Verkhersins var 12 vikur og bauðst 17 ára og eldri að vinna í 8 vikur eða 160 klst. og yngri hópnum að vinna 6 vikur eða 120 klst. Þeir sem eru í þjónustu í Vinaskjóli yfir veturinn og fengu eingöngu að vinna 6 vikur höfðu möguleikann á því að nýta sér viðveru í Vinaskjóli í 2 vikur aukalega til þess að létta á heimilunum. Heilt yfir gekk sumarið vel og voru skjólstæðingar og aðstandendur ánægðir með starfsemina.

Verkherinn - sumar	2018	2019	2020	2021
Fjöldi notenda	24	29	29	29
Fjöldi hafnafirskra notenda	21	22	22	22
Tímalengd úrræðis í vikum	12	11	12	12

Kvöldstarfið

Kvöldstarfið var fremur óhefðbundið þetta árið sökum Covid-19. Var starfsemin sveiflukennnd og tók mið af sóttvarnarráðstöfunum hverju sinni. Kvöldstarfið náði þó að vera með meiri opnun nú í ár ef miðað er við árið 2020. Voru um 15 notendur sem nýttu sér kvöldstarfið og af þeim voru um 10 einstaklingar í Hafnarfirði. Þegar húsið var lokað vegna fjöldatakmarkana voru starfsmenn með kvöldstarfið á netinu, þar voru þau að spjalla við notendur, spila með þeim tölvuleiki og fleira.

Kletturinn

Kletturinn er frístundatilboð fyrir fötluð börn og unglunga í 1.-3. fötlunarflokki samkvæmt umönnunarmati Tryggingastofnunar og eru í 5.-10. bekk grunnskóla. Þjónustan er í boði eftir að skóladegi lýkur til 17.00 alla virka daga. Þegar grunnskólar loka býðst einstaklingum að vera fyrir hádegi í Klettinum. Kletturinn er staðsettur í Húsinu, Suðurgötu 14.

Markmið Klettsins er að börnin eflist í félagslegum samskiptum og öðlist aukna trú á eigin áhrifamátt og getu. Skipulag Klettarins er einstaklingsmiðað og fær hver og einn að taka þátt í frístundastarfi eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Lögð er áhersla á að þau geti tekið þátt í skemmtilegum verkefnum í öruggu umhverfi. Unnið er eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar.

Covid hafði minni áhrif á starfsemina í Klettinum en árið 2020. Starfseminni var haldið órofinni árið 2021 en einn notandi var í verndareinangrun og nýtti því ekki þjónustuna.

Kletturinn	2018	2019	2020	2021
Fjöldi notenda	15	16	15	14
Fjöldi hafnafirskra notenda	12	15	14	13
Fjöldi stöðugilda	3,62	3,12	3,4	3,6

Stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd

Stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd er deild innan fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar. Allt að 120 umsækjendur um alþjóðlega vernd í þjónustu deildarinnar ef með eru talin fylgdarlaus ungmenni og börn. Samþykkt var hjá bæjarráði að ganga til samninga við félagsmálaráðuneytið og taka þátt í sameiginlegri móttöku flóttamanna. Var verkefnið tilraunarverkefni til eins árs og standa yfir samningaviðræður um framhald þess verkefnis. Er Hafnarfjarðarbær fjórða sveitarfélagið sem skrifar undir samning um samræmda móttöku, en fimm sveitarfélög taka þátt. Með fjölgun skjólstæðinga hefur deildin stækkað og eru nú 6 sérfræðingar auk deildarstjóra að sinna málefnum tengdum umsækjendum um vernd og flóttamönnum. Auk þess eru þrír starfsmenn í átaksverkefni Vinnumálastofnunnar starfandi með sérfræðingum deildarinnar og sinna tilsjónarvinnu og stuðning auk þess að finna leiguhúsnæði svo flóttafólk komist út á almennan leigumarkað.

Megin hlutverk deildarinnar er eftir sem áður að þjónusta skjólstæðinga en einnig að mennta og auka þekkingu starfsfólks okkar innan málaflokksins. Þjónustan við umsækjendur um vernd er fólgin í aðstoð með húsnæði, framfærslu og að styðja við fólk á meðan það bíður eftir úrlausn umsóknar sinnar hjá Útlendingastofnun. Sérstök áhersla er lögð á vinnu með börnum skjólstæðinga. Sótt er um daggæslu barna og skólavist fyrir umsækjendur og tryggt að börn nái að nýta sér þau skólaúrræði sem henta þeim best. Enn fremur að styrkja og styðja við foreldra í sínu hlutverki til að börnin fái að dafna sem best. Fullorðnum er boðið upp á tungumálanámskeið, heilsurækt og ýmsa afþreyingu í samvinnu við RKÍ og aðra sem að málaflokknum hafa komið. Þá eru starfsmenn deildarinnar einnig með hlutverk við boðanir í viðtöl og að aðstoða með að panta tíma fyrir nauðsynlega lækniþjónustu og að aðstoða þau með að komast á milli staða. Þjónustan við flóttamenn er fólgin í aðstoð við leit að húsnæði, að veita fjárhagsaðstoð og fræða fólk um íslenskt samfélag. Einnig hafa starfsmenn deildarinnar aðstoðað flóttafólk með að tengja það við ýmis kerfi, svo sem skóla, Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun og þær stofnanir aðrar sem fólk þarf að hafa samskipti við. Markmið deildarinnar er að fólk aðlagist vel að íslensku samfélagi og verði virkir þátttakendur í gegnum vinnu og afþreyingu. Deildin fer einnig með vinnslu barnaverndarmála sem kunna að koma upp hjá skjólstæðingum og sinnir fylgdarlausum ungmennum sem hafa sótt um vernd í sveitarfélaginu. Börnum sem koma fylgdarlaus er boðið á 16 vikna námskeið í samvinnu við KVAN sem ætlað er að kenna þeim á íslenskt samfélag, tengja þau við skóla og aðstoða við fyrstu skrefin inn í skipulagt tólmundastarf og íþróttir.

Mikil aukning hefur verið á umsóknum síðan covid takmörkunum á Keflavíkurflugvelli var aflétt og komu 872 umsóknir til Útlendingastofnunnar til afgreiðslu. 526 einstaklingar fengu vernd árið 2021. Um það bil 60 fjölskyldur eru nú búsettar í Hafnarfirði. Við árslok voru 117 umsækjendur í þjónustu stoðdeildar gegn samning við Útlendingastofnun, þar af 59 börn og var þá búsetuúrræðið full nýtt.

Fjölmenning

Árið 2020 var fyrsta heila starfsár verkefnastjóra fjölmenningar sem er hálfstöðugildi á fjölskyldu- og barnamálasviði. Meginhlutverk verkefnastjóra er að styrkja og efla fjölmenningarsamfélag Hafnarfjarðar. Styðja við íbúa af erlendum uppruna, stuðla að öflugri tengingu við samfélagið, aukinn sýnileika og upplýsingagjöf sem nýtist í daglegu starfi. Verkefnastjóri vinnur í nánú samstarfi með öðrum starfsmönnum sviðsins og annar sviða. Árið 2020 var lögð áhersla á framboð er af þýddu efni á vef Hafnarfjarðar í samstarfi við þjónustu- og þróunarsvið. Einnig var opnuð Facebook síða á ensku, "Living in Hafnarfjörður" sem verkefnastjóri fjölmenningar heldur úti og hefur upplýsingagjöf verið stórefld í gegnum þann miðil ásamt birtum fréttum á vefsíðu Hafnarfjarðar á ensku. Lögð er sérstök áhersla á þjónustu, viðburði og aðrar upplýsingar sem nýtist íbúum Hafnarfjarðar.

Fjölmeningarráð

Fjölmeningarráð Hafnarfjarðar hefur verið starfandi frá 2017. Nýtt fjölmeningarráð tók til starfa árið 2020. Fjölmeningarráðið er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru innflytjendur, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Fjölmeningarráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Hafnarfjarðarkaupstaðar í málaflokknum og stuðlar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarstofnana til bæjarbúa sem eru innflytjendur. Ráðið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Barnvænt sveitarfélag

Á fundi bæjarstjórnar þann 7. desember 2016 var samþykkt að óska eftir samstarfi við UNICEF og Akureyrabæ við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt sitt starf, reglur, samþykktir og stefnur til að uppfylla þær kröfur til að gerast Barnvænt samfélag og ná því markmiði að fá vottun vegna þessa og fól bæjarráði úrvinnslu þess og stofnun stýrihóps um verkefnið og erindisbréf samþykkt í bæjarráði 30. janúar 2020. Þann 1. september 2020 var starfsmaður ráðinn til þess að halda utan um verkefnið „Barnvænt sveitarfélag“ í 30% stöðugildi og í október var stýrihópurinn fullmannaður og í honum sitja 16 einstaklingar. Í stýrihópnum eiga öll svið sinn fulltrúa auk fjölskylduráðs, fræðsluráðs, bæjarráðs, skipulags- og byggingarráðs og umhverfis- og framkvæmdarráðs. Ungmennaráð tilnefnir að auki fjögur ungmenni til þátttöku.

Helstu áherslur verkefnisins er að sveitarfélagið gerir Barnasáttmálann að rauðum þræði í allri starfsemi sinni. Sveitarfélagið notar Barnasáttmálann sem sérstakt gæðastjórnunarverkfæri á öllum sviðum og setur sér verklag við að meta áhrif ákvarðana og stefnumótunar á börn er tekið upp innan sveitarfélagsins.

Meginhlutverk stýrihópsins er að:

- Samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins.
- Hafa umsjón með kortlagningu á réttindum og velferð barna innan sveitarfélagsins og stýra samráðsvettvangi með börnum og ungmennum innan sveitarfélagsins.
- Meta þörf fyrir fræðslu um verkefnið og réttindi barna innan sveitarfélagsins.
- Gera aðgerðaáætlun sem byggir á gögnum sem safnað er í kortlagningunni, samráðsvettvangi með börnum og ungmennum og svörum sveitarfélagsins við gátlistum barnvænna sveitarfélaga.
- Fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.
- Miðla upplýsingum um verkefnið og kynna aðgerðaáætlunina á auðlesnu formi fyrir börnum og ungmennum.

Skýrslugjöf og samskipti við UNICEF